

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 22. febrúar 2024

Mál nr. S-4676/2023:

Ákærvaldið

(Sigurður Ólafsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

Gabriel Aroni Sigurðarsyni

(Snorri Sturluson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 25. janúar sl., er höfðað með tveimur ákærum. Sú fyrri er útgefin af héraðssaksóknara 24. ágúst 2023, á hendur Gabriel Aroni Sigurðarsyni, kt. [...], [...] í Reykjavík, fyrir „rán og sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa fimmtudaginn 2. júní 2022 brotist inn í íbúð nr. [...] að [...], Hafnarfirði, og með hótunum, vopnaður hnífi, neytt A, kt. [...] til að afhenda sér 50.000 krónur og því næst reist hnífinn upp og með hótunum neytt A til að afhenda honum 10.500 krónur í viðbót. Við svo búið ruddist ákærði inn í svefnherbergi þar sem B, kt. [...], lá sofandi og vakti hana með öskrum og veittist að henni með ofbeldi og tók hana hálstaki og stakk hana með hnífnum í hægri framhandlegg og hægri fótlegg með þeim afleiðingum að hún hlaut um 4-5 cm ílanga rispu vinstra megin á hálssvæði, rispu á hægri hlið háls auk tognunar og ofreynslu á hálshrygg og um 10 cm sár á hægri framhandlegg og um 1 cm skurð sár á vinstri fæti sem sauma þurfti saman á bráðadeild.

Telst þetta varða við 252. gr. og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu B, kennitala [...], hér eftir nefnd kröfuhafi, er þess krafist að ákærða verði gert að greiða kröfuhafa 14.000.000 krónur með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. júní 2022 til þess dags er mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfunnar fyrir ákærða, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess aðallega krafist að þóknun réttargæslumanns

greiðist úr ríkissjóði en að öðrum kosti er gerð krafa um málskostnað úr hendi ákærða, kröfuhafa að skaðlausu.“

Þann 23. október 2023 var gefin út framhaldsákæra á hendur ákærða, með skírskotun til 1. mgr. 153. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, þar sem bætt var við fyrri ákæru þannig að eftirfarandi viðbót var gerð:

„Á eftir orðunum „*Einkaréttarkröfur*“ bætist við upptalninguna:
Af hálfu A, kt. [...], hér eftir nefndur kröfuhafi, er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða kröfuhafa 1.000.000 króna með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. júní 2022 til þess dags er mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu fyrir ákærða, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess aðallega krafist að þóknun réttargæslumanns greiðist úr ríkissjóði en að öðrum kosti er gerð krafa um málskostnað úr hendi ákærða að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun, kröfuhafa að skaðlausu.“

Ákærði samþykkti að framangreind viðbót við ákærana kæmist að í málinu.

Verjandi ákærða krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Hann krefst þess jafnframt aðallega að bótakröfum verði vísað frá dómi, en til vara krefst hann verulegrar lækkunar þeirra. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa sem greiðist úr ríkissjóði.

Málsatvik

Að kvöldi 2. júní 2022, kl. 21:43, barst lögreglu tilkynning um konu með óviðráðanlega blæðingu í [...] í Hafnarfirði. Tilkynnt var að ráðist hefði verið að konunni með hníf og að gerandi væri farinn af vettvangi á grárri bifreið af tegundinni BMW. Er lögreglumenn komu á vettvang mátti sjá blóðdropa á gólfi fyrir utan svefnherbergi. Inni í svefnherberginu lá brotapolinn B í blóði sínu og sjúkraflutningamenn voru að hlúa að sárum hennar. Brotapolinn var með skurð á hægri framhandlegg sem og á vinstri fæti, fyrir neðan hné, sem hafði blætt talsvert úr. Brotapoli var ekki viðræðuhæf á þessum tímapunkti en hún sagði að gerandinn hefði komið inn á meðan hún hefði legið sofandi í rúmi sínu. Hún var flutt með sjúkrabifreið á bráðamóttöku.

Á vettvangi var einnig brotapolinn A, eigandi íbúðarinnar. Hún var í miklu uppnámi en gat gefið skýran framburð. Hún sagði að maðurinn sem hefði komið heim til hennar væri ákærði. Hann hefði komið vegna þess að hún skuldaði honum 40.000 krónur. Hann hefði komist inn í íbúðina í gegnum svaladyrnar í hennar óþökk. Ákærði hefði dregið upp hníf um leið og hann hefði komið inn og ógnað henni með honum án þess að

segja neitt. Hún hefði verið með 60.000 krónur í veskinu sínu og ætlað að láta ákærða hafa þær 40.000 krónur sem hún skuldaði honum en hann hefði þá sagt henni að láta sig fá allan peninginn og hún hefði gert það. Ákærði hefði því næst spurt hana hvar B væri. Hún hefði bent honum á svefnherbergið og hann hefði farið beint þangað og ráðist á brotapolann B með hníf og stungið hana. Ákærði hefði síðan farið beint út úr íbúðinni og ekið burt á dökkgrárrí BMW-bifreið. Hún sagði atburðarásina hafa gerst mjög hratt. Þá lýsti hún því að ákærði hefði verið í þröngum, dökkum gallabuxum og steingrárrí, aðsniðinni, renndri flíspeysu.

Á vettvangi var einnig C. Hann var ekki á staðnum þegar árásin átti sér stað. C greindi lögreglu frá því að hann hefði fengið símhringingu frá brotapolanum B þar sem hún hefði sagt að hún væri að deyja og síðan hefði verið skellt á. Hann hefði heyrt illa það sem hún hefði sagt. C kvaðst þá hafa ekið að [...] þar sem hann vissi að hún væri og komið þar að henni alblóðugri. Hann kvaðst ekki hafa séð ákærða á vettvangi.

Leitað var að ákærða en hann fannst ekki fyrr en daginn eftir.

Tekin var skýrsla af brotapolanum B á bráðamóttöku að kvöldi 2. júní 2022. Hún kvaðst hafa vaknað við að ákærði hefði staðið og öskrað á hana. Hann hefði sagt: „Af hverju svarar þú ekki símanum?“ Hún hefði svarað honum því að hún hefði verið sofandi. Hann hefði þá reynt að kyrkja hana. Hún hefði sagt honum að hún myndi hringja á lögregluna ef hann færi ekki. Hann hefði þá farið að berja hana en hún myndi ekki nákvæmlega hvernig. Hann hefði svo rokið burt og hún staðið upp og mætt brotapolanum A sem hefði öskrað að hún væri öll í blóði. Hún hefði ekki áttað sig á að ákærði væri með hníf. Vitnið taldi að ákærði hefði verið í svartri, renndri 66° norður-peysu.

Í vottorði D, sérfræðings í bráðalækningum, dags. 23. nóvember 2022, kemur fram að brotapolinn B hafi komið á bráðamóttöku 2. júní 2022, kl. 22:25, og verið útskrifuð 3. júní 2022, kl. 2:55. Hún hafi greint frá því að hafa orðið fyrir líkamsárás þar sem hnífi hefði verið beitt. Hún hafi verið sofandi í rúminu þegar vinur hennar hefði komið inn til hennar og öskrað á hana. Úr hafi orðið rifrildi sem endaði með því að vinur hennar hefði ráðist á hana og gripið hana hálstaki. Hann hafi síðan stungið hana með hníf í hægri framhandlegg og innanvert læri hægra megin. Við fyrstu skoðun hafi ekki sést alvarleg áverkamerki á brjósthóli eða kvið. Hún hafi ekki verið með virkar blæðingar í útlimum en með ílanga rispu á hliðinni vinstra megin á hálssvæði, 4–5 cm langa, og svolitla rispu á hægri hlið háls. Ekki hafi verið þroti eða bólga á hálssvæði. Innan á hægri framhandlegg hafi hún verið með um 10 cm langt sár sem hafi náð inn í vöðvahólf. Ekki hafi verið merki um sína- eða taugaskaða. Við skoðun á neðri útlimum hafi brotapolí reynst vera með sár á vinstri ganglim sem hafi verið 1 cm skurður sem gapti og spenntist húðfita þar út. Bæklunarlæknar hafi verið kallaðir til að skoða sárið á framhandleggnum og hafi þeir lokað því með tveimur saumalögum. Brotapolinn hafi verið útskrifuð heim og ráðlögð saumataka eftir tvær vikur.

Greint hafi verið opið sár á efri útlím, opið sár á neðri útlím, tognun og ofreynsla á háls hrygg og margir yfirborðsáverkar á hálsi. Taldi lækurinn að brotapolinn bæri þess merki að hafa orðið fyrir árás þar sem lagt hefði verið til hennar með hníf. Mildi væri að engar meiri háttar slagæðar, taugar eða sinar hefðu orðið fyrir skaða en slíkar árásir gætu auðveldlega verið lífshættulegar. Ljósmyndir af áverkunum liggja fyrir í málinu.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði kvaðst þekkja brotapolann B frá [...]. Þau hefðu verið góðir vinir og nokkrum sinnum sofið saman fyrir mörgum árum. Hann þekkti brotapolann A hins vegar ekki. Hún væri vinkona B og hann hefði bara séð hana með henni. Umræddan dag hefði hann verið með vinkonu sinni, síðan farið í vinnu og tekið leigubíl heim úr vinnunni. Næsta dag hefði hann vaknað við að sérsveitin hefði birst. Hann hefði ekkert farið á heimili brotapolans A. Hann kannaðist þó við að hafa einhvern tímann skutlað B þangað og mögulega komið þangað í heimsókn. Umrætt kvöld hefði hann verið að vinna að [...] að hjálpa vini sínum, E. Hann myndi ekki hvernig hann hefði farið þangað en hann hefði farið burt með leigubíl. Hann hefði ekki verið á bílnum sínum þar sem lögreglan hefði tekið lyklana af honum og bíllinn hefði því verið fyrir utan heimili hans. Ákærði kvaðst hafa verið í hvítum vinnugalla við störf sín þetta kvöld og rispúr á höndum hans hefðu verið eftir vinnuna. Húsnæðið hefði ekki verið stórt og opið milliloft hefði verið yfir því. Hann kvaðst ekki vita hvers vegna brotapolar gæfu honum að sök að hafa ráðist að þeim og kannaðist ekki við að hafa lánað þeim peninga.

Brotapolinn A kvaðst hafa verið nýlega komin heim úr búðinni og verið að fara að elda kvöldmat. Klukkan hefði líklega verið um sjö eða átta og hún hefði verið búin að opna út á svalir. Skyndilega hefði hún séð að ákærði hefði verið kominn inn í íbúðina. Hann hefði greinilega hoppað upp á svalirnar og komist þannig inn, en það væri auðvelt þar sem svalirnar væru lágar og tunnur fyrir framan sem hægt væri að fara upp á. Ákærði hefði beðið hana um pening en hann hefði áður lánað henni um 30.000 krónur. Hún hefði sagt hún að hún væri ekki með neinn pening en hann hefði þá otað hníf að henni. Hnífurinn hefði verið með um 15 cm löngu blaði, ekki eins og venjulegur vasahnífur. Hún hefði þá sótt veskið sitt og látið hann hafa peninga. Hún hefði skilið svolítið eftir í veskinu en ákærði hefði sagt að hún yrði að láta hann hafa alla peningana úr veskinu og hún hefði hlýtt honum og látið hann fá samtals 40–50.000 krónur. Hann hefði því næst spurt hvar B væri og síðan farið beint inn í herbergi til hennar. Hún hefði heyrt ákærða öskra á B og heimta peninga frá henni. Hún hefði ætlað að hringja á lögregluna þegar hún hefði séð ákærða ganga út. Hún hefði þá farið til B og séð hana standa í dyrunum á herberginu og blóð spýttast úr hendinni á henni. Hún hefði verið alveg blóðug og við það að detta út. Hún hefði þá hringt á sjúkrahús. Brotapolinn kvaðst þekkja ákærða sem vin B. Hann hefði átt í vandræðum og þær hefðu leyft honum að gista á sófanum.

Þá hefði hann lánað henni peninga. Hann hefði hringt í hana og beðið hana að greiða skuldina. Hún hefði verið búin að segjast ætla að borga um mánaðamótin og verið með peninga á sér til að borga honum. Ákærði hefði þetta kvöld verið í flíspeysu og dökkum gallabuxum. Hún hefði ekki séð hvernig hann hefði farið burt. Hún mundi ekki eftir að hafa talað um bíl ákærða við lögreglu en kvaðst muna að hún hefði vitað hvernig bíl ákærði æki. Eftir þetta atvik glími hún við áfallastreitueinkenni og hafi ekki treyst sér til að mæta til vinnu.

Brotþolinn B kvaðst hafa átt erfiðan dag og því hafa lagt sig. Hún hefði átt samskipti við ákærða yfir daginn og hann hefði stöðugt sent henni skilaboð og spurt hvar hún væri. Hún hefði sofnað þegar A hefði verið nýkomin heim. Það næsta sem hún vissi væri að ákærði hefði staðið yfir henni og sagt: „Af hverju svararðu ekki?“ Hann hefði öskrað á hana og hún reynt að ýta honum burt. Hann hefði tekið um háls hennar og hún hefði í upphafi talið að þetta væri grín þar sem hún hefði ekki búist við þessu af honum. Hún hefði svo fundið fyrir höggum frá honum en ekki tekið eftir því að hann væri með neitt í höndunum og ekki séð neinn hníf. Hún vissi þó til þess að ákærði hefði alltaf gengið með hníf á sér. Hún taldi að ekki væri mögulegt að hún hefði rekið sig í hnífinn fyrir slysi en ákærði hefði verið að yfirbuga hana og hún verið í algjöru áfalli. Ákærði hefði tekið hana hálstaki og notað til þess báðar hendur. Hann hefði svo slegið hana og kýlt. Hún hefði reynt að ýta honum frá sér en ekki náð miklum árangri. Hún hefði náð símanum sínum og hringt í næsta mann, sem hefði verið C. Hún hefði misst símann en C hefði heyrt öskrin. Ákærða hefði síðan skyndilega virst bregða og hann farið burt. Brotþoli taldi hugsanlegt að ákærði hefði séð að einhver var í símanum eða áttað sig á því sem hann hefði gert. Hún hefði þá staðið upp úr rúminu og farið fram. Þá hefði hún mætt A sem hefði öskrað. Hún hefði þá litið niður og séð blóðið og áttað sig á því að ákærði hefði stungið hana. Skömmu síðar hefði C komið.

Brotþoli kvaðst hafa kynnst ákærða í gegnum vinkonu sína sem hann hefði verið í sambandi með. Árið 2022 hefðu þau farið að tala saman aftur eftir langt hlé. Ákærði hefði þá verið í neyslu og að selja fíkniefni. Þau hefðu orðið góðir vinir en ekki átt í sambandi. Hún hefði stundum boðið honum gistingu og jafnvel kærustu hans líka. Hann væri ljúfur strákur en hefði átt erfitt.

Brotþoli kvaðst hafa fengið stóran skurð á handlegg sem þurft hefði að sauma að innan og utan. Litlu hefði mátt muna að skurðurinn hefði náð í slagæð. Hún hefði ekki sömu virkni í handleggnum eftir þetta og hefði misst tilfinningu í þremur fingrum. Hún hefði af þessum sökum þurft að hætta í hárgreiðslunámi. Hún hefði farið í sjúkrahjálfun en þjálfarar hefðu viljað stoppa meðferðina og láta handaskurðlækni meta þetta. Auk þessa hefðu andlegar afleiðingar af árásinni verið miklar, hún hefði ekki enn getað unnið úr þeim.

Vitnið C kvaðst hafa verið staddur á verkstæði í Hafnarfirði þegar B hefði hringt. Hann hefði heyrt læti í símanum og heyrt hana öskra: „Hættu, Gabríel, hættu“. Hún hefði ekki sagt neitt annað en hann hefði heyrt tvær manneskjur rífast án þess að heyra orðaskil. Símtalið hefði slitnað og hann hefði brunað beint heim til hennar. Hann hefði hringt aftur rétt áður en hann kom þangað og hún þá verið í áfalli og sagst hafa verið stungin. Þegar hann hefði komið í íbúðina skömmu síðar hefði allt verið í blóði og ákærði farinn. Blóð hefði verið á ganginum og blóðpollur í rúminu. B hefði misst meðvitund.

Vitnið E kvaðst muna til þess að hann hefði farið á verkstæðið sitt um kl. 20:30 þetta kvöld. Ákærði hefði þá verið kominn þangað og haft meðferðis tröppur sem hann hefði verið að nota. Vitnið kvaðst ekki vita hvernig ákærði hefði komið en hann hefði þurft að koma með bíl vegna stigans. Þeir ákærði hefðu tekið til saman í um einn og hálfan tíma, en eftir það hefði hann farið upp á milliloft og farið að vinna í reikningagerð meðan ákærði hefði verið niðri. Þegar vitnið hefði farið um kl. 23 hefði ákærði enn verið á staðnum og ætlað að loka og læsa á eftir sér. Verkstæðið væri nokkuð stórt og með millilofti og vitnið hefði því ekki haft augun á ákærða allan tímann. Hann hefði orðið var við að hann væri þarna og efaðist um að ákærði hefði farið burt. Hann hefði í það minnsta ekki tekið eftir því að hann væri horfinn eða heyrt dyrnar opnast eða lokast. Hann hefði þó ekki vaktað ákærða svo ekki væri útilokað að hann hefði skroppið frá. Hann myndi ekki hvernig ákærði hefði verið klæddur.

Vitnið F, nágrenni ákærða, kvaðst um þetta leyti hafa orðið var við bifreið ákærða fyrir utan húsið. Hann hefði beðið um að bifreiðin yrði færð þar sem hún hefði verið fyrir, en það hefði þó tekið nokkra daga að fá hana færða eftir að ákærði var handtekinn. Hann taldi að bifreiðin hefði ekki verið færð úr stað þennan tíma en það hefði sést þegar hún hefði verið færð þaðan því að hún hefði staðið með fram kanti, ekki í eiginlegu bílastæði.

Lögreglu maður nr. G greindi frá aðkomu á vettvang. Blóðslóð hefði legið að svefnherbergi þar sem kona hefði legið með stungusár. Eigandi íbúðarinnar hefði verið þar og greint frá því hver gerandinn væri en félagi vitnisins hefði rætt við hana. Ekki hefði verið hægt að ræða við brotþola og hún hefði verið flutt burt með sjúkrabíl skömmu eftir komu þeirra. Vinur brotþola hefði komið á vettvang en sagt að hann hefði ekki verið viðstaddur atvikin.

Fyrirverandi lögreglu maður nr. H greindi frá því að hafa komið á vettvang og rætt við brotþolann A. Hún kvaðst hafa ritað lengri framburð í dagbók og ritað upp eftir henni í skýrsluna. Hún myndi ekki hvort hún hefði tekið þetta upp í bókmyndavél og ritað orðrétt upp. Þá myndi hún ekki sérstaklega hvað þeim hefði farið á milli en þetta hefði ekki verið borið undir brotþola.

Vitnið D bráðalæknir greindi frá áverkum á brotþolanum B. Hún hefði verið með stungusár á innanverðum framhandlegg sem hefði náð í gegnum húð og húðfitu inn

í vöðvahólf. Sárinu hefði verið lokað með tveimur saumalögum vegna dýptar þess en einfaldari áverkum væri lokað með einu lagi. Mildi hefði verið að engar sínar eða taugar hefðu orðið fyrir skaða. Stungur sem þessar gætu orðið lífshættulegar. Slagæðar gengju niður höndina og það gæti leitt til dauða að skera í þær fengist ekki viðeigandi meðferð. Ekki væru miklar líkur á varanlegu tjóni eftir atvikið en læknirinn gæti þó ekki fullyrt um slíkt í tilviki brotþola þar sem hann hefði ekki séð hana aftur. Minna sár, grunnt og um 1 cm langt hefði verið á neðri útlím. Ekki hefði verið mikið hugað að því þar sem hinn áverkinn hefði verið mun alvarlegri. Erfitt væri að fullyrða nákvæmlega hvernig svona áverkar kæmu til en frásögn brotþola passaði vel við áverkana. Þessir áverkar væru ekki dæmigerðir fyrir sjálfskaða.

Niðurstaða

Ákærða eru gefin að sök rán og sérstaklega hættulega líkamsárás með því að hafa brotist inn í íbúð brotþolans A og með hótunum, vopnaður hnífi, neytt hana til að afhenda sér 50.000 krónur og því næst reist hnífinn upp og með hótunum neytt hana til að afhenda sér 10.500 krónur í viðbót. Þá hafi hann ruðst inn í svefnherbergi þar sem brotþolinn B svaf, vakið hana með öskrum og veist að henni með ofbeldi og tekið hana hálstaki og stungið hana með hnífnum í hægri framhandlegg og hægri fótlegg með þeim afleiðingum að hún hlaut talsverða áverka, svo sem nánar er lýst í ákæru.

Ákærði neitar alfarið sök. Hann kveðst hafa verið við vinnu á verkstæði vinar síns og ekki hafa komið á heimili brotþola þetta kvöld. Þá hafi hann verið bíllaus og þurft að taka leigubíl heim þar sem lyklar að bifreið hans hafi verið í vörslum lögreglu.

Brotþolinn A lýsti því að ákærði hefði skyndilega birst inni í íbúð hennar. Hann hefði greinilega hoppað upp á svalir, en auðveldlega væri hægt að komast þangað. Hún taldi reyndar að líklega hefði hún skuldað ákærða 30.000 krónur og hefði endað á að láta hann fá 40 eða 50.000 krónur þar sem hann hefði otað hníf að henni. Ákærði hefði því næst spurt um brotþolann B og farið inn í herbergi þar sem hún hefði verið sofandi. Hún kvaðst hafa heyrt hann öskra á B og skömmu síðar séð hann yfirgefa íbúðina. Hún hefði síðan mætt B alblóðugri.

Brotþolinn B kvaðst hafa vaknað við að ákærði hefði öskrað á hana, tekið hana hálstaki og slegið hana en hún hefði ekki áttað sig á því að um stungur væri að ræða fyrr en eftir á. Hún hefði á meðan reynt að ýta honum frá sér. Hún hefði náð að hringja en misst símann. Ákærða hefði virst bregða við eitthvað en hann hefði skyndilega hætt árásinni og farið burt.

Framburður brotþolanna beggja hefur verið stöðugur um það allan tímann að ákærði hafi verið sá sem kom og veittist að þeim umrætt sinn. Þær þekktu hann báðar og brotþolinn B hafði þekkt hann lengi. Þá liggur fyrir að ákærði hafði áður komið í íbúðina til þeirra. Framburður brotþolanna fær nokkra stoð í framburði vitnisins C sem kvaðst

hafa heyrt brotapolann B kalla nafn ákærða og biðja hann að hætta í símtali til hans meðan atvikið átti sér stað. Þá lýstu báðir brotapolar því að ákærði hefði verið í dökkri renndri flíspeysu, en ákærði var þannig klæddur við handtöku daginn eftir atvikið.

Eins og að framan greinir kvaðst ákærði hafa verið að vinna á verkstæði vinar síns þetta kvöld. Samkvæmt gögnum málsins er verkstæðið 1,8 km frá heimili brotapola og örfáar mínútur tekur að aka þar á milli. Vitnið E, sem var með ákærða á verkstæðinu þetta kvöld, kvaðst hafa unnið með ákærða í nokkra stund en þá hefði hann farið upp á milliloft í húsnæðinu. Ákærði hefði enn verið á staðnum þegar hann hefði farið um kl. 23. Hann hefði ekki orðið þess var að ákærði hefði farið frá. Það væri ekki útilokað en ólíklegt. Nokkur blæbrigðamunur var á skýrslu vitnisins fyrir dóminum og hjá lögreglu en við skýrslu af vitninu hjá lögreglu, daginn eftir atvikið, kvaðst hann ekki hafa séð hvort ákærði hefði verið í húsnæðinu allan tímann. Þá taldi hann að ákærði hefði verið á sendiferðabíl því hann hefði komið með tröppu með sér.

Af framburði brotapolanna verður ráðið að atvik málsins hafi tekið skamma stund. Verkstæði það sem ákærði var á var í einungis örfárra mínútna akstursfjarlægð. Af framburði vitnisins E verður ekki talið útilokað að ákærði gæti hafa farið út og framið brotin. Fyrir liggur að bifreið sú sem ákærði ekur að jafnaði var við heimili hans þar sem lögregla hafði lykla hennar í sínum vörslum. Ákærði byggir m.a. á því að framburður brotapolans A um að hann hafi verið á bifreiðinni þetta kvöld geri hana ótrúverðuga. Brotapolinn kannaðist ekki við að hafa sagt þetta eða að hafa séð hvort hann var á bifreiðinni, heldur hefði hún talað um að hann ætti þennan bíl. Í skýrslu sem tekin var af henni á vettvangi eftir atburðinn kemur skýrlega fram að hún er að vísa til þess að ákærði aki á þessari bifreið en ekki að tala um að hafa séð bifreiðina þetta sinn. Verður því að hafna framangreindri röksemd ákærða. Ekki er útilokað að ákærði hafi haft bíl til umráða þetta kvöld þótt sönnun liggji ekki fyrir um það. Þótt fyrir liggji að ákærði hafi tekið leigubíl heim til sín frá verkstæðinu útilokar það ekkert í því efni. Þá kvaðst ákærði ekki muna hvernig hann komst á verkstæðið þetta kvöld.

Ekkert hefur komið fram í málinu sem bendir til þess að brotapolar gætu verið að benda á rangan geranda og ákærði hefur ekki getað bent á neina ástæðu sem þær hefðu til þess.

Með hliðsjón af öllu framangreindu verður staðfastur og trúverðugur framburður brotapolanna beggja lagður til grundvallar niðurstöðu málsins, en framburður þeirra samrýmist fyllilega og fær stoð í framburði vitnis og læknisfræðilegum gögnum. Verður þannig talið hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi veist að brotapolum með þeim hætti sem lýst er í ákæru.

Samkvæmt framangreindu verður ákærði sakfelldur í samræmi við ákæru utan þess að byggt verður á lægri fjárhæðum í samræmi við framburð brotapolans A fyrir dómi. Brot ákærða eru rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 10. janúar 2024, á hann að baki nokkurn sakaferil sem nær aftur til ársins 2015. Ákærði hlaut átta mánaða fangelsi fyrir ýmis brot með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur [...] 2022. Þá hlaut hann fjögurra mánaða fangelsisdóm í Landsrétti [...] 2023 fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga og gekkst undir viðurlagaákvörðun vegna umferðarlagabrots 31. maí 2023. Í samræmi við framangreint verður ákærða nú gerður hegningarauki.

Með hliðsjón af öllu framangreindu, alvarleika sakarefnisins, afleiðingum árásarinnar og 77. gr., 78. gr. og 1. mgr. 218. gr. c í almennum hegningarlögum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 15 mánaða fangelsi. Ekki þykir fært að skilorðsbinda refsinguna. Gæsluvarðhald ákærða 4. til 9. júní 2022 dregst frá refsingunni.

Af hálfu brotapolans B er þess krafist að ákærði greiði henni miskabætur að fjárhæð 14.000.000 króna. Krafan er sundurliðuð með eftirfarandi hætti:

Miskabætur skv. 26. gr. skaðabótalaga	kr. 3.000.000
Skaðabætur vegna varanlegs miska	kr. 5.000.000
Skaðabætur vegna varanlegrar örorku	kr. 5.000.000
Sjúkrakostnaður	kr. 1.000.000

Við aðalmeðferð málsins var fallið frá kröfu um bætur fyrir varanlega örorku. Kröfur um bætur vegna sjúkrakostnaðar og varanlegs miska eru ekki studdar gögnum og er því ekki unnt að fallast á þær. Afleiðingar brots ákærða voru alvarlegar fyrir brotþola og þótt ekki liggi fyrir læknisfræðileg gögn um það hefur hún lýst því að hún hafi ekki ekki náð sér að fullu, hvorki líkamlega né andlega. Þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 800.000 krónur með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Af hálfu brotapolans A er þess krafist að ákærði greiði henni miskabætur að fjárhæð 1.000.000 króna. Brotþoli á rétt á miskabótum með vísan til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 300.000 krónur með vöxtum eins og í dómsorði greinir. Þá á brotþoli rétt til málskostnaðar sem ákveðinn verður 612.560 krónur.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Snorra Sturlusonar lögmanns, 1.612.000 krónur, þóknun skipaðs réttargæslumanns brotapolans B, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 1.192.880 krónur, og 45.648 krónur í annan sakarkostnað. Við ákvörðun þóknunar lögmannna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Sigurður Ólafsson aðstoðarsaksóknari.

Barbara Björnsdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Gabríel Aron Sigurðarson, sæti fangelsi í 15 mánuði. Gæsluvarðhald ákærða 4. til 9. júní 2022 dregst frá refsingunni.

Ákærði greiði B 800.000 krónur ásamt vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. júní 2022 til 17. nóvember 2023, en þá með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði A 300.000 krónur ásamt vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. júní 2022 til 11. febrúar 2024, en þá með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags og 612.560 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Snorra Sturlusonar lögmanns, 1.612.000 krónur, þóknun réttargæslumanns brotþola B, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 1.192.880 krónur, og 45.648 krónur í annan sakarkostnað.

Barbara Björnsdóttir